



# Marel: JBT tilkynnir um samþykki yfir 90% hluthafa Marel á valkvæðu yfirtökutilboði JBT

**Valfrjálst yfirtökutilboð John Bean Technologies Corporation („JBT“) í öll útgefin og útistandandi hlutabréf í Marel hf. rann út kl. 12:00 á hádegi í dag, 20. desember 2024.**

Samkvæmt tilkynningu JBT hafa öll skilyrði tilboðsins nú verið uppfyllt, þar með talið samþykki hluthafa Marel sem eiga yfir 90% af útgefnum og útistandandi hlutum í félaginu. Gert er ráð fyrir að JBT muni birta frekari upplýsingar um niðurstöður yfirtökutilboðsins innan tíðar með tilkynningu til bandaríska verðbréfaeftirlitsins (US Securities and Exchange Commission). Þar sem öll skilyrði tilboðsins hafa verið uppfyllt tekur nú við undirbúningur uppgjors þar sem gengið verður frá viðskiptunum í samræmi við skilmála þess.

## Árni Sigurðsson, forstjóri Marel:

„Dagurinn í dag markar spennandi tímamót í sameiningarvegferð þessara tveggja frábæru fyrirtækja, Marel og JBT. Stuðningur hluthafa Marel, sem endurspeglast í yfir 90% samþykkishlutfalli, undirstrikar sterka sannfæringu fyrir því hversu vel félögin passa saman og þeim miklu sóknarfærum sem JBT Marel mun búa yfir.

Ég vil færa hluthöfum okkar einlæggar þakkir fyrir mikinn stuðning í gegnum árin og ég er þess fullviss að sameinað félag mun halda áfram að byggja á arfleifð Marel eins og við höfum gert síðustu 40 ár. Ég er jafnframt mjög spenntur fyrir því sem framtíðin ber í skauti sér fyrir starfsfólki okkar, viðskiptavinum og hluthafa. Við munum byggja á því besta sem bæði fyrirtækin hafa fram að færa og ná árangri sem hvorugt félag hefði náð hvort í sínu lagi. Saman munum við skapa betri, sterkari og sjálfbærari alþjóðlega virðiskeðju matvæla.“

## Uppgjör tilboðsins fer fram þann 2. janúar 2025

Gert er ráð fyrir að endanlegt uppgjör tilboðsins muni fara fram þann 2. janúar 2025. Þeir hluthafar Marel sem hafa með löglegum hætti samþykkt tilboðið munu fá sem endurgjald fyrir hvern hlut í Marel annað hvort reiðufé, hluti í JBT eða blöndu af reiðufé og hluti í JBT, og er endurgjaldið háð hlutföllun í samræmi við skilmála tilboðsins.

JBT stefnir að innlausn eftirstandandi hlutafjár í Marel sem ekki var selt í yfirtökutilboðsferlinu og mun óska eftir afskráningu á hlutabréfum Marel hjá Nasdaq Iceland og Euronext Amsterdam eins fljótt og auðið er í samræmi við reglur sem um það gilda. Þar sem eignarhlutur JBT á hlutafé í Marel verður yfir 90% þegar uppgjör lýkur, mun JBT óska eftir innlausn eftirstandandi hlutafjár í samræmi við ákvæði 110. gr. laga nr. 108/2008 um yfirtökur, innan þriggja mánaða frá uppgjör tilboðsins.



## Tvískráning hlutabréfa JBT Marel á Nasdaq Iceland þann 3. janúar 2025

Samhliða kaupum JBT á Marel, verður nafni JBT og kauphallarauðkenni breytt í „JBT Marel Corporation“ og „JBTM“ til styttingar. Hlutabréf JBTM verða áfram skráð á New York Stock Exchange (NYSE) og tvískráð á Nasdaq Iceland, en samþykki Nasdaq Iceland á skráningu félagsins á markað liggur þegar fyrir. Gert er ráð fyrir að hlutabréf JBTM muni verði tekin til viðskipta á bæði NYSE og Nasdaq Iceland þann 3. janúar 2025.

### Spurningar hluthafa um tilboðsferlið

Þeir hluthafar sem eiga hlutabréf í félaginu skráð hjá Nasdaq Iceland hf. geta haft samband við Arion banka hf. með spurningar í tengslum við samþykktarferli og/eða uppgjör tilboðsins á netfangið [assistance.marel2024@arionbanki.is](mailto:assistance.marel2024@arionbanki.is).

Þeir hluthafar sem eiga hlutabréf í félaginu skráð á Euronext Amsterdam skulu hafa samband við sinn vörsluaðila til þess að nálgast upplýsingar um samþykktarferli og/eða uppgjör tilboðsins. Vörsluaðilar og hluthafar geta haft samband við ABN AMRO Bank N.V. með spurningar á netfangið [corporate.broking@nl.abnamro.com](mailto:corporate.broking@nl.abnamro.com).

Fjármálaráðgjafar Marel vegna yfirtökutilboðsins eru J.P. Morgan auk þess sem Rabobank veitti stjórn félagsins sjálfstætt álit varðandi sanngirni á greiðslu til hluthafa í yfirtökutilboðinu. Lagalegir ráðgjafar eru Baker McKenzie (Bandaríkin), BBA/Fjeldco (Ísland), og Osborne Clarke (Holland).

### Fjárfestatengsl

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Marel í gegnum netfangið [ir@marel.com](mailto:ir@marel.com) og í síma 563 8001.

### Um Marel

Marel (NASDAQ: MAREL; AEX: MAREL) er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og þjónustu fyrir matvælavinnslu. Marel var stofnað árið 1983 og hjá félaginu starfa um 7.100 starfsmenn í yfir 30 löndum (þar af um 700 starfsmenn á Íslandi) og þjónusta viðskiptavini í yfir 140 löndum. Lykilmarkaðir félagsins eru í vinnslu alifugla, kjöts, fisks, gæludýrafóðurs, plöntuþróteina og fóðurs fyrir fiskeldi. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands og Euronext Amsterdam og skilaði 1,7 milljarði evra í tekjur árið 2023 (257 milljarðar króna), en 46% af heildartekjum koma frá þjónustu og varahlutum. Árlega fjárfestir Marel 5–6% af tekjum í nýsköpun og vöruþróun, eða um 15 milljörðum króna árið 2023, með áherslu á sjálfvirkni, róbótatækni og stafrænar lausnir sem tryggja örugg matvæli sem unnin eru á hagkvæman og sjálfbæran hátt. Frekari upplýsingar má finna á [marel.com/ir](http://marel.com/ir).

### Viðhengi

[Marel: JBT tilkynnir um samþykki yfir 90% hluthafa Marel á valkvæðu yfirtökutilboði JBT](#)